

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, er sveitarfélög kaupa, þótt þau njóti ekki aðstoðar ríkissjóðs skv. lögum þessum. Sama gildir um öll láns skjöl, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 74 30. desember 1963, um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

*Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

**L Ö G**

um breyting á lækna skipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Við 7. gr. bætist eftirfarandi:

Ráðherra er heimilt í samráði við fjármálaráðuneytið að stofna við ríkisspítalana allt að sex sérstakar lækni stöður, sem hundnar eru skilyrði um ákveðna þjónustu í héraði.

Ráðherra setur reglugerð um þessar stöður að fengnum tillögum Læknafélags Íslands og Stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

**2. gr.**

9. gr. orðist svo:

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði  $\frac{2}{3}$  hluta launa héraðshjúkrunarkvenna, sem ráðnar eru til starfa með héraðslækni í lækni héraði. Sé hérað lækni laust, greiðir ríkissjóður laun þessi að fullu.

Hlutaðeigandi sveitarstjórnir ráða héraðshjúkrunarkonur í samráði við héraðs-lækni og landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.  
Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

### 3. gr.

13. gr. orðist svo:

Heimilt skal, að fenginni umsögn landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands, að veita læknanemum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um lækniþjónustu í strjálbýli að loknu námi.

Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

## L Ö G

### um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Bankaráði Samvinnubanka Íslands hf. er heimilt, að fengnu samþykki hluthafafundar, að stofna sérstaka deild við bankann, er nefnist Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að styðja verzlunarrekstur samvinnufélaga með hagkvæmum stofnlánnum, eins og nánar segir í 4. gr. laga þessara.

#### 2. gr.

Stofnlánadeildin er sjálfstæð deild í bankanum, með sérstakri fjárábyrgð, er bundin sé við eignir hennar. Fjárreiðum stofnlánadeildarinnar skal haldið algerlega aðgreindum frá fjárreiðum annarra deilda bankans og hefur deildin sérstakt bókhald.

Bankaráð Samvinnubanka Íslands hf. hefur á hendi stjórn stofnlánadeildarinnar. Ákveður bankaráðið allar lánveitingar deildarinnar, að fengnum tillögum bankastjóra. Um starfsemi deildarinnar gilda almenn ákvæði laga um Samvinnubanka Íslands hf., eftir því sem við á.

#### 3. gr.

Stofnfé stofnlánadeildarinnar er árlegt framlag Samvinnubanka Íslands hf., samkvæmt ákvörðun aðalfundar ár hvert, og skal það ekki vera lægra en fimm milljónir króna árlega fyrstu fimm árin, sem stofnlánadeildin starfar.